Reglur um akstur framhaldsskólanema í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Reglurnar taka til valkvæðrar akstursþjónustu Húnabyggðar fyrir skráða framhaldsskólanema í Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra hér eftir nefnt FNV. Sveitarfélagið sér til þess að framhaldsskólanemum sé ekið frá Blönduósi á Sauðárkrók og til baka á skólatíma FNV. Nemendur þurfa að skrá sig, greiða gjald og fylgja öryggis- og umgengnisreglum.

1. Fyrir hverja er þjónustan?

Akstursþjónusta er fyrir nemendur með lögheimili í Húnabyggð sem stunda nám í FNV og hafa fengið samþykkta umsókn.

Sækja þarf um akstursþjónustu fyrir hverja önn eða hvert skólaár innan auglýsts frests á heimasíðu Húnabyggðar. Þjónustan eru háð sætaframboði, nægri þátttöku og fjárheimild sveitarfélagsins. Ganga þeir nemendur fyrir sem sækja um akstur alla daga vikunnar. Ef sótt er um færri ferðir á viku gildir dagsetning umsóknar við úthlutun sæta en framboð miðast við sætafjölda hverju sinni. Stakar ferðir eru háðar lausum sætum í bílnum.

Akstursþjónustan er valkvæð þjónusta og getur fyrirkomulag hennar tekið breytingum.

Foreldri/forráðamaður sækir um fyrir nemanda sem er yngri en 18 ára.

2. Gjald

Gjaldskrá akstursþjónustu tekur mið af fullum aksturstyrk Menntasjóðs námsmanna fyrir sömu önn hverju sinni. Nemandi skal sjálfur sækja um styrk hjá Menntasjóði en gjald fyrir aksturinn er óháð því hvort nemandi hlýtur styrk hjá Menntasjóði eða ekki.

Akstursþjónusta miðast við kennsludaga samkvæmt skóladagatali hverju sinni og gjald tekur mið af áskriftarleið. Falli akstursþjónusta niður vegna veðurs kemur ekki til lækkunar á akstursgjaldi. Að sama skapi kemur akstursgjald ekki til lækkunar vegna forfalla nemanda. Ónýttar ferðir fást ekki endurgreiddar.

Gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fyrir nemendur FNV skal birt á heimasíðu Húnabyggðar og taka breytingum skv. Úthlutunum Menntasjóðs námsmanna.

Innheimta vegna akstursþjónustu er í janúar og júní og miðast við útgreiðslu aksturstyrks Mennasjóðs námsmann.

3. Leið og tímar

Húnabyggð ákveður akstursleið og gefur út ferðatíma þegar stundatöflur liggja fyrir hjá FNV. Akstursþjónustan miðast við almennan skólatíma FNV og skóladagatal hverju sinni.

Nemandi skal vera mættur á réttum tíma. Bílstjóra er ekki skylt að bíða eftir þeim sem mæta of seint. Nemendur eiga að láta bílstjóra vita ef þeir nýta ekki heimferðina en bílstjóri er einnig með nemendalista með símanúmerum. Húnabyggð útvegar ekki aðra ferð ef nemandi missir af bílnum eða þarf að ferðast á öðrum tíma.

Ferð má fella niður eða breyta vegna veðurs, færðar, bilunar eða annarra öryggisástæðna. Nemendur og forsjáraðilar skulu fylgjast með tilkynningum í tölvupósti.

4. Ábyrgð Húnabyggðar

Húnabyggð útvegar bílstjóra og bifreið sem uppfyllir gildandi kröfur um leyfi, skoðun, tryggingar og öryggisbúnað.

Húnabyggð ber ekki ábyrgð á skólasókn, námsástundun, gæslu nemenda utan bílsins, tengiferðum eða persónulegum munum.

Húnabyggð ber ekki ábyrgð á töfum eða niðurfellingu ferða vegna aðstæðna sem sveitarfélagið eða bílstjóri hefur ekki stjórn á.

5. Reglur í bílnum

- Nota skal öryggisbelti alla ferðina eins og lög gera ráð fyrir.
- Sitja skal kyrr í sæti og ganga vel frá farangri.
- Fara skal eftir fyrirmælum bílstjóra.
- Sýna skal bílstjóra og öðrum farþegum kurteisi og tillitssemi.
- Ekki má trufla bílstjóra, beita ofbeldi, hóta, leggja í einelti eða skemma bílinn.
- Reykingar og notkun tóbaks, nikótínpúða, rafretta og veipa er bönnuð.
- Áfengi og vímuefni eru bönnuð. Farþega undir áhrifum skal synjað um ferð og foreldrum barna yngri en 18 ára gert að sækja þau.
- Símar og önnur tæki mega ekki trufla bílstjóra eða farþega. Nota skal heyrnartól fyrir hljóð úr slíkum tækjum.

6. Viðurlög

Brot á reglunum geta haft í för með sér skerðingu eða uppsögn akstursþjónustu eftir alvarleika brota:

- fyrsta brot: munnleg áminning;
- endurtekið brot: skrifleg áminning;
- alvarlegt eða ítrekað brot: tímabundið bann á aksturþjónustu.
- mjög alvarlegt eða áframhaldandi brot: samningi um akstursþjónustu sagt upp.

Við alvarlegt brot má fara beint í tímabundið bann eða segja akstursþjónustu upp. Það á meðal annars við um beitingu ofbeldis, hótanir, notkun vímuefna, skemmdarverk eða háttsemi sem stofnar umferðaröryggi eða öryggi bílstjóra og farþega í hættu.

Nemanda skal gefinn kostur á að skýra sitt mál áður en ákvörðun er tekin um bann eða uppsögn. Forsjáraðili er látinn vita ef nemandi er yngri en 18 ára.

Athugasemdir og beiðnir um endurskoðun ákvörðunar skulu sendar skriflega til Húnabyggðar.

7. Gildistaka

Reglurnar taka gildi þann 18. ágúst 2026.

Staðfest á fundi byggðarráðs Húnabyggðar 23. september 2026.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 13. október 2026.

_____

Svavar Pálsson

Sveitarstjóri Húnabyggðar